



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Vegagerðin
Höskuldur Tryggvasson

Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2024
MÍ202401-0058/ 6.10 /

Efni: Brú yfir Fossvog og landfylling

Með tölvubréfi dagsett 9. janúar 2024 óskaði Vegagerðin eftir umsögn Minjastofnunar á mögulegum áhrifum á minjar vegna byggingar nýrrar brúar yfir Fossvog ásamt landfyllingum. Fyrirhugað er að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir verkinu til Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar. Meðfylgjandi erindinu var bréf Vegagerðarinnar dagsett 09.01.2024 ásamt fylgiskjölum; bréf Skipulagsstofnunar dagsett 30.04.2020 um ákvörðun vegna matsskyldu og fimm teikningar unnar af Eflu verkfræðistofu.

Minjastofnun hefur áður veitt umsagnir um brú yfir Fossvog, nú síðast vegna breytinga á deiliskipulagi *Brú yfir Fossvog*, dagsett 20. september 2023, þar sem lega landfyllingar, akbrautar, göngu- og hjólastíga, áningarstaða og biðstöðva fyrir almenningssvagna var uppfærð í samræmi við endurskoðaða hönnunartillögu. Þegar deiliskipulagið er borið saman við meðfylgjandi gögn má sjá að framkvæmdasvæðið nær að nokkru leiti út fyrir mörk deiliskipulagsins bæði Reykjavíkur og Kópavogs megin.

Fyrir liggur *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2019. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar skráðar minjar innan framkvæmdasvæðis sem er staðsett landfyllingu.

Einnig liggur fyrir *Byggðakönnun, Fornleifaskrá og húsakönnun – Vatnsmýri - Seljamýri – Öskjuhlíð*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2013, skýrsla nr. 161. Samkvæmt þeirri skýrslu er skráð skotbyrgi (220-117) um það bil 12 metra frá verkmörkum landfyllingar við Nauthólsvík/Kýrhamar. Um er að ræða herminjar sem hafa mikið menningarsögulegt gildi þó þær hafi ekki náð þeim aldri að teljast til friðaðra fornleifa eða mannvirkja og eru því utan lögformlegs umboðs Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir. Stofnunin telur þó að gera þurfi verktökum grein fyrir staðsetningu skotbyrgisins (220-117) til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Höskuldur Tryggvason, verkefnastjóri Framkvæmdadeildar

Vegagerðarinnar (ht@vegagerdin.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

(usk@reykjavik.is)

Kópavogsbær (kopavogur@kopavogur.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.